



Ísafjarðarbær

Jóhann Birkir Helgason

sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs

Hafnarstræti 1

400 Ísafjörður

johannb@isafjordur.is



Dags. 23.10.2014

Tilv. 5618-0-0005

Mál 2014-260

Málal. 0.5

Með erindi dags. 7. október sl. óskaði Ísafjarðarbær eftir umsögn Veðurstofu Íslands um deiliskipulagslysingu fyrir Mjósund á Ísafirði.

Umsögnin er sem hér segir:

Í kafla 4.5 í deiliskipulagslysingu er vitnað í drög að bráðabirgðamatí á sjávarflóðahættu á skipulagssvæðinu. Tilvtnunin fjallar aðeins um landhæðarmælingu skv. gögnum Loftmynda ehf. af Skutulsfjarðareyri, en ekki efnislega um sjávarflóðamatíð sjálft.

Ekki er fjallað um nýjar mælingar á meðalsjávarhæð (0,17 m í kerfi ISNET93) í Ísafjarðarhöfn og landsig á Skutulsfjarðareyri (~ 3 mm/ári), en hvort tveggja hefur áhrif á niðurstöður um sjávarflóðamatíð. Þessar upplýsingar ættu að koma til álíta fyrir deiliskipulagslysinguna og ættu að gefa tilefni til ákvörðunar lágmarksgólfkóta í samráði við Vegagerðina (áður Siglingastofnun).

Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er fjallað um sjávarflóð og aðra náttúrvá í:

- grein 4.3 – um gerð aðalskipulags og efnistök varðandi varúðarsvæði og náttúrvá
- grein 5.3.2 – um efnistök deiliskipulags, takmarkanir á lágvæðum og ákvörðun gólfkóta.
- grein 6.3 – um takmarkanir á landnotkun.

Í drögum að bráðabirgðamatí hefur hæð svokallaðra 10 og 100 ára flóða verið áætluð, yfirfærð eða metin út frá mismunandi tölfraðilegum upplýsingum. Tölverð óvissa er samfara matinu, en hæðarlínur flóðhæðanna miðað við ISNET93 voru áætlaðar 1,90 m fyrir 10 ára flóð og 2,04 m fyrir 100 ára flóð.

Í aðalskipulagi skal taka tillit til áhrifa af langtímaþreytingum á land- og sjávarstöðu, en þessi deiliskipulagslysing hefur ekki sílka tilvísun að geyma. Að teknu tilliti til 100 ára breytingar á sjávarborði vegna landsigs (0,3 m), núverandi sjávarborðshækkan (0,3 m), og viðbótar vegna 0,15 m vindáhláðanda á Pollinum, hækkar viðmiðunarhæðarlína svæðis sem opið er fyrir sjávarflóðum í 2,65 m fyrir 10 ára flóð.

Samkvæmt landhæðargögnum Loftmynda ehf. af Skutulsfjarðareyri, sem notuð voru til að ákvárda hugsanleg flóðasvæði, er suðurendi svæðisins í rétt rúmlega 2,1 m hæð og hækkar til norðurs í um 3,5 m. Svæðið telst ekki vera á flóðasvæði með viðmiðum 10 ára og 100 ára flóða.

Vegna langtímaáhrifa landsigs og sjávarborðshækkunar er fyrirsjáanlegt að þetta geti breyst, þar sem deiliskipulagslýsingarsvæðið liggur í jaðri umræddra flóðasvæða. Ekki er fjallað um það í deiliskipulagslýsingunni hvernig má draga úr áhrifum af þessum aðstæðum í framtíðinni, s.s. með varnarmannvirkjum, kvöðum um lágmarksgólfkóta og/eða um hönnun nýbygginga á svæðinu.

Vissulega er álitamál hvort svæðið sé þekkt flóðasvæði miðað við núverandi aðstæður, þó það sé fyrirsjáanlegt. Fara mætti fram á að í deiliskipulagslýsingunni væri fjallað um þessar aðstæður, þannig að þeim sem hyggjast framkvæma á svæðinu sé kunnugt um að þær munu líklega breytast til hins verra á líftíma skipulagsins, þótt ekki séu þær líklegar til að hafa áhrif á líftíma núverandi bygginga.

Í ljósi þess að skipulagið er nálægt eða við flóðahættusvæði er eðlilegt að fara fram á bættar mælingar á landlíkani og úrbætur á líkanreikningum við ákvörðun á flóðalíkum sjávarflóða fyrir Vestfirði. Með því má tryggja að sveitarfélagið baki sér ekki bótaskyldu með því að leyfa byggingu á þekktum flóðasvæðum.

Virðingarfyllst



Árni Snorrason
forstjóri VÍ